

162. fundur Kirkjugarðaráðs, haldinn fimmtudaginn 14. nóvember 2019 á Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður ráðsins sem stýrði fundi, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson forstjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjubings, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands boðaði forföll. Formaður ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

Fundur var settur kl 10:00

1. Fundur settur og fundargerð síðasta fundar lögð fram.

Fundargerð 161. fundar var lögð fram og samþykkt. Í fundargerð var greint frá vinnu við drög að samkomulagi Minjastofnunar og kirkjugarðaráðs um verklagsreglur vegna framkvæmda og rannsókna í við kirkjugarða. Ráðið fór yfir reglurnar og ræddi þær breytingar sem lagðar voru til á síðasta fundi ráðsins. Í tengslum við það mál var ákveðið að fela framkvæmdastjóra að taka saman lista yfir gamla kirkjugarða sem ekki er heimilt að slétta.

2. Erindi frá hreppsnefnd Ásahrepps – Tré lífsins, minningagarður.

Framkvæmdastjóri skýrði frá erindum frá tveimur sveitarfélögum sem borist hafa ráðinu vegna frumkvöðlaverkefnisins „Tré lífsins, minningargarður“. Óskað er eftir umsögn kirkjugarðaráðs um verkefnið.

Ákveðið var að fá verkefnisstjóra verkefnisins á næsta fund kirkjugarðaráðs til að upplýsa ráðið nánar um verkefnið.

2. Bálstofan í Fossvogi – nauðsyn endurnýjunar.

Þórsteinn Ragnarsson fylgdi málinu úr hlaði. Fram kom að 10 ára starfsleyfi bálstofunnar rennur út á næsta ári og líklega verður það ekki framlengt nema í 5 ár. Starfsmenn Vinnueftirlitsins og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur eru farnir að horfa með meiri gagnrýni á áframhaldandi rekstur þessara deilda hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP). Bálstofan var tekin í notkun 1948 (verður 72 ára 2020) og líkhúsið er nokkrum árum yngra. Bálstofan og líkhúsið þjóna í raun öllu landinu. Bálstofan er komin á tíma og einnig líkhúsið. Húsakynni, tæki og allar vinnuáðstæður eru óviðunandi. Ef ekkert verður að gert munu ekki líða mörg ár þar til algjör vandræði verða, ofnarnir munu bila, þeir geta fallið saman og líkhúsið og allur tækjabúnaður þar nú þegar löngu úreltur. Líkbrennsla eykst jafnt og þétt og var árið 2018 komin í 39,5% á landsvísu og 53% hjá KGRP. Líkbrennsla hefur einnig aukist úti á landi.

Undirbúningur byggingar nýrrar bálstofu og nýs líkhúss verður að fara í gang en það er ekki lengur á færi KGRP að sjá um það vegna stanslauss niðurskurðar á framlagi ríkisins í rúm 10 ár. Að þessu verkefni þurfa ríki og sveitarfélög að koma beint ásamt kirkjugörðum landsins á næstu árum. Margar viðvaranir hafa verið gefnar í bréfum, fréttatilkynningum og sjónvarpsviðtölum en ráðamenn, þ.e. ráðherrar og ríkisstjórnir hafa jafnan daufheyrst við þeim viðvörðunum.

Þórsteinn hafði óskað eftir því að þetta málefni væri sett á dagskrá fundarins til að gera kirkjugarðaráði grein fyrir stöðunni og til að ráðið gerði það sem í þess valdi stæði til að bregðast við, t.d. með því að mynda starfshóp um framtíðarlausn þessara mála á Íslandi. Heppilegt væri að í starfshópnum væru fulltrúar frá kirkjugarðaráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og dómsmálaráðuneyti.

3. Deiliskipulag fyrir Þórshafnarkirkju.

Deiliskipulag fyrir Þórshafnarkirkju lagt fram til kynningar en óskað hefur verið eftir umsögn ráðsins um skipulagið. Framkvæmdastjóra var falið að svara erindinu.

4. Færeyjarferð – kynning.

Frestað til næsta fundar.

5. Næsti fundur.

Næsti fundur verður haldið fimmtudaginn 12. desember nk. kl 10:00

6. Önnur mál.

Lagt var fram bréf frá Herði Guðmundssyni, Bøðmóðstöðum, þar sem hann vill vekja athygli ráðsins á göngustíg að grafreit á Laugarvatni. Hann telur stíginn vera orðinn hættulegan gangandi fólki og óskar eftir því að hann verði lagfærður. Framkvæmdastjóra var falið að svara erindinu.

Fleira gerðist ekki

Fundi slitið kl 13:00

Ragnhildur Benediktsdóttir